



ORKUSTOFNUN
Orkubúskapardeild

ÁHRIF VEÐURFARS Á RAFORKUNOTKUN

Verkfræðistofan AFL

Unnið fyrir Orkuspárnefnd

OS91004/OBD-01 B

Janúar 1991

ORKUSTOFNUN
Orkubúskapardeild

ÁHRIF VEÐURFARS Á RAFORKUNOTKUN

Verkfræðistofan AFL

Unnið fyrir Orkuspárnefnd

OS91004/OBD-01 B

Janúar 1991

YFIRLIT

Í skýrslunni er reynt að meta áhrif veðurfars á raforkunotkun. Byggt er á gögnum um raforkuvinnslu eftir mánuðum tímabilið 1951 til 1989 og upplýsingum um lofthita, vind og sólskin á nokkrum veðurstöðvum þetta sama tímabil. Af tveimur ástæðum er áhugi fyrir því meta áhrif veðurfars á raforkunotkun. Í fyrsta lagi vilja menn geta greint áhrif veðurfars frá áhrifum annarra þátta á þróun raforkunotkunar. Ef þetta er gert sést fyrr og betur ef breytingar verða á raforkunotkun sem síðan leiðir af sér að spár um raforkunotkun verða áreiðanlegri. Í öðru lagi er áhugi á að geta sagt til um það hvaða áhrif veðurfars geti haft á raforkunotkun í framtíðinni þannig að raforkufyrirtækin séu viðbúin slíku. Það að veðurfarið hefur einnig áhrif á rennsli til virkjana, og þar með á vinnlusgetu þeirra, eykur á mikilvægi þessa þáttar.

Athugunin leiðir í ljós að ekki er hægt að leiðrétta raforkunotkun á landinu vegna áhrifa vinds þar sem hann er mjög staðbundinn. Slíku er því einungis hægt að beita á mjög afmörkuðu svæði en ekki á raforkunotkun heils landshluta eða landsins alls. Sólfar hefur lítisháttar áhrif á raforkunotkun en samkvæmt þeim niðurstöðum sem hér koma fram eru þau ekki það mikil að talin sé þörf á að leiðrétta notkunina út frá því. Þriðji veðurfarsþátturinn, sem hér er skoðaður, er lofthiti og hefur hann veruleg áhrif á raforkunotkun. Mikil fylgni er á milli lofthita á mismunandi stöðum á landinu nema yfir hásumarið. Því er talið nóg að nota mælingar frá einni veðurstöð og varð Reykjavík fyrir valinu. Í ljós kemur að lofhitinn getur oft skýrt mikinn hluta breytileika raforkunotkunar eða um eða yfir 70 %. Þó er þetta mjög breytilegt eftir tímabilum og fyrir kemur að lofhitinn skýrir hverfandi hluta breytileikans.

Þegar raforkunotkun liðinna ára hefur verið leiðrétt vegna sveiflna í lofthita koma mun betur en ella fram þær breytingar sem orðið hafa á þróun raforkunotkunar á síðustu árum. Um miðjan 8. áratuginn minnkaði vöxtur raforkunotkunar úr um 7 %/ári, sem hann hafði verið að jafnaði næstu áratugi á undan þó með tímabilum með minni og meiri aukning, niður í um 4 %/ári. Síðasta rúma áratug hefur aukningin sveiflast um þetta gildi. Þetta er sama þróunin og átt hefur sér stað um allan hinn vestræna heim á þessum árum og stafar af auknum orkusparnaði vegna hækkunar olíuverðs á 8. áratugnum, minni hagvexti en áður, mettnar í tækjaeign, breytinga í atvinnuháttum svo sem aukinnar þýðingar þjónustugreina í vestrænum hagkerfum og e.t.v. fleiru.

EFNISYFIRLIT

YFIRLIT	2
EFNISYFIRLIT	3
MYNDASKRÁ	4
TÖFLUSKRÁ	5
1 INNGANGUR	7
2 SAMANBURÐUR Á VEÐURFARI Í MISMUNANDI LANDSHLUTUM	8
2.1 Lofthiti	8
2.2 Vindur	12
2.3 Sól	14
3 ALMENN RAFORKUNOTKUN	17
4 LÍKAN TIL AÐ META ÁHRIF VEÐURFARS Á RAFORKUNOTKUN	19
4.1 Lofthiti	19
4.2 Aðrir veðurfarsþættir	20
5 SAMANBURÐUR Á FRÁVIKUM Í VEÐURFARI OG RAFORKUNOTKUN	21
5.1 Lofthiti	21
5.1.1 Mánaðargildi	21
5.1.2 Tenging þriggja ára tímabila fyrir eina veðurstöð	25
5.1.3 Tenging þriggja ára tímabila fyrir tvær veðurstöðvar	27
5.2 Lofthiti og sólskin	28
6 RAFORKUNOTKUN ÁRANNA 1951 TIL 1989 UMREIKNUÐ YFIR Á ÁR ÞAR SEM LOFHITI ER Í MEÐALLAGI	30
VIÐAUKI 1, Meðalhiti mánaða á nokkrum veðurstöðvum	35
VIÐAUKI 2, Meðalvindur mánaða á nokkrum veðurstöðvum	53
VIÐAUKI 3, Sólskinsstundir á nokkrum veðurstöðvum	71
VIÐAUKI 4, Raforkunotkun í einstökum mánaðum 1951-90	79

MYNDASKRÁ

1	Árssveifla hita á átta veðurstöðvum. Meðalgildi tímabilið 1949-89	9
2	Frávik frá meðalhita í janúar á níu veðurstöðvum	10
3	Frávik frá meðalhita í júlí á níu veðurstöðvum	10
4	Reiknuð fylgni frávika í hitamælingum við samsvarandi gildi í Reykjavík .	11
5	Reiknuð fylgni frávika í hitamælingum við samsvarandi gildi á Akureyri . .	11
6	Árssveifla vinds á átta veðurstöðvum. Meðalgildi tímabilið 1949-89	12
7	Frávik frá meðalvindi í janúar á átta veðurstöðvum	13
8	Frávik frá meðalvindi í júlí á átta veðurstöðvum	13
9	Reiknuð fylgni frávika í vindmælingum við samsvarandi gildi í Reykjavík	14
10	Árssveifla í sólskinsstundum á þremur veðurstöðvum. Meðalgildi tímabilið 1949-89	15
11	Frávik í sólskinsstundum í júlí á þremur veðurstöðvum	16
12	Reiknuð fylgni frávika í mælingum á sólskinsstundum	16
13	Árssveifla almennrar raforkunotkunar. Meðaltal tímabilsins 1951-89	18
14	Samanburður á frávikum í hita í Reykjavík og raforkunotkun á landinu í janúarmánuði tímabilið 1951 til 1989	22
15	Samanburður á frávikum í hita í Reykjavík og raforkunotkun á landinu í júlímánuði tímabilið 1951 til 1989	22
16	Reiknuð fylgni frávika í hita í Reykjavík og raforkunotkun á landinu eftir mánuðum	24
17	Reiknaður stuðull milli frávika í hita í Reykjavík og raforkunotkunar á landinu eftir mánuðum	24
18	Fylgni sveiflna í raforkunotkun á landinu og hita aðra mánuði en sumarmánuðina	26
19	Stuðull milli frávika í raforkunotkun á landinu og hita	26
20	Fylgni sveiflna í raforkunotkun á landinu og hita í Reykjavík og á Akureyri	28
21	Fylgni milli frávika í raforkunotkun og frávika í hita og sól í Reykjavík og sól á Hallormsstað	29
22	Aukning almennrar raforkunotkunar	33
23	Aukning almennrar raforkunotkunar eftir að hún hefur verið leiðrétt út frá sveiflum í lofthita í Reykjavík	33

TÖFLUSKRÁ

1	Stuðlar milli frávika í lofthita í Reykjavík og á Akureyri	27
2	Stuðlar til að leiðrétta raforkunotkun út frá lofthita í Reykjavík	31
3	Stuðlar til að leiðrétta raforkunotkun einstakra mánuða tímabilið 1987-89 út frá lofthita í Reykjavík. Stuðlar eiga við heildarnotkun hvers mánaðar	32

1 INNGANGUR

Vitað er að veðurfar hefur veruleg áhrif á almenna raforkunotkun og þá sérstaklega á rafhitun. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir þessum áhrifum þegar þróun síðustu ára er höfð til hliðsjónar við mat á raforkunotkun næstu ára. Með því að taka áhrif sveiflna í veðurfari út úr notkuninni er líklegt að menn átti sig fyrir á breytingum í raforkunotkun eins og t.d. áttu sér stað á seinni hluta 8. áratugarsins.

Einnig skiptir miklu máli að mat á þessum áhrifum liggi fyrir þegar verið er að meta orkugetu raforkukerfisins og rekstur þess á hverjum tíma. Þetta er mikilvægt þar sem veðurfar hefur bæði áhrif á raforkunotkun og rennsli til virkjana. Í köldu ári fara t.d. saman mikil raforkunotkun og lítið rennsli til virkjana.

Orkuspárnefnd hefur því talið mikilvægt að meta áhrif veðurfars á raforkunotkun. Við endurskoðun á raforkuspá var ákveðið að skoða þessi áhrif betur en áður hefur verið gert og hefur raforkuhópur nefndarinnar stýrt þessari vinnu. Jón Vilhjálmsson hjá Verkfræðistofunni AFLI hefur unnið að þessu verki fyrir hópinn. Einnig var leitað aðstoðar Trausta Jónssonar veðurfræðings hjá Veðurstofu Íslands sem kom á tvo fundi þar sem fjallað var um þessa athugun auk þess sem hann útvegaði hópnum þau gögn um veðurfar sem notuð eru í athuginni. Hópurinn færir Trausta þakkir fyrir veitta aðstoð.

Einu sinni áður hefur verið reynt að meta áhrif lofthita á raforkunotkun og kom út skýrsla um þá athugun árið 1984 (sjá skýrslu Jóns Vilhjálmssonar, Orkustofnun OS-84038/OBD-02B). Niðurstöður þessarar athugunar eru í samræmi við það sem þar kom fram, en nú eru þessi áhrif skoðuð mun ítarlegar en þá.

Þegar aðstæður leyfa verður áhugavert að skoða sérstaklega tengsl veðurfars og raforkunotkunar á afmörkuðu landsvæði, svo sem hvern landshluta, en gögn um raforkunotkun hafa ekki legið fyrir á þeim grunni. Vera má að hægt sé finna raforkunotkun hvers landshluta út frá gögnum Orkustofnunar um orkuvinnslu og gögnum Landsvirkjunar um sölu eftir svæðum, en slíkt var ekki reynt að svo stöddu. Einnig myndi reynast erfitt að leiðrétta raforkunotkun hvers landshluta á ársfjórðungs fresti, eins og nú er gert fyrir allt landið, vegna þess að gögn um raforkunotkun einstakra landshluta liggja ekki nógu snemma fyrir og heldur ekki veðurfarsgögn.

2 SAMANBURÐUR Á VEÐURFARI Í MISMUNANDI LANDSHLUTUM

Veðurstofa Íslands stundar veðurfarsmælingar á fjölda veðurstöðva um land allt. Gögn þessi eru skráð inn á tölvu Veðurstofunnar og þar er gagnagrunnur um veðurmælingar síðustu áratuga. Þeir þættir í veðurfari sem einkum hafa áhrif á raforkunotkun eru hiti, vindur og sólfar. Í þessari athugun var ákveðið að skoða mælingar á nokkrum veðurathugunarstöðvum allt aftur til 1949. Fengnar voru tölur úr gagnagrunni Veðurstofu Íslands um mánaðarmeðaltöl hita og vinds á eftirtöldum veðurstöðvum:


001:	Reykjavík
178:	Stykkishólmur
224:	Kvígindisdalur
422:	Akureyri
505:	Raufarhöfn
580:	Hallormsstaður
620:	Dalatangi
772:	Kirkjubæjarklaustur
815:	Stórhöfði í Vestmannaeyjum

Tölur um sólskinsstundir voru einungis fengnar fyrir þrjár af þessum veðurstöðvum, þ.e. Reykjavík, Akureyri og Hallormsstað.

Í ljós kom að fáein gildi fyrir Kvígindisdal voru vitlaus og sú veðurstöð því lítið notuð. Veðurstofan vinnur einungis úr mælingum frá tveimur af þessum stöðvum jafn óðum en það eru stöðvarnar í Reykjavík og á Akureyri. Auk þess er jafnóðum unnið úr mælingum frá Keflavíkurflugvelli og frá Hornafirði en þær eru ekki notaðar hér. Fyrir þessar veðurstöðvar liggja gögn hvers mánaðar ætíð fyrir 4. dag næsta mánaðar.

2.1 Loftþiti


Í viðauka 1 er sýndur meðalhiti mánaða tímabilið 1949 til 1989 fyrir fyrrnefndar veðurstöðvar. Hitastigið sveiflast innan ársins þannig að það er hæst í júlí og lægst í janúar, sjá mynd 1. Þessi árstíðasveifla í hitastigi hefur bein áhrif á raforkunotkun en aðrir þættir valda því einnig að notkunin er breytileg eftir árstíma. Þar má nefna atriði eins og birtu, vind, árstíðasveiflur í atvinnustarfsemi, mismunandi hegðun fólks eftir árstíma o.fl. Þetta gerir það að verkum að ekki er heppilegt að nota árstíðasveifluna til að meta áhrif loftþita á sveiflur í raforkunotkun milli ára.




Mynd 1 Árssveifla hita á átta veðurstöðvum. Meðalgildi tímabilið 1949-89.

Til að meta áhrif hitastigs á raforkunotkun er því heppilegra að skoða sveiflur á milli ára í meðalhita mánaða og bera þær saman við sveiflur í raforkunotkun. Á myndum 2 og 3 eru sýndar sveiflur í meðalhita tveggja mánaða fyrir tímabilið 1951 til 1989 frá meðalhita alls tímabilsins. Þegar myndirnar eru bornar saman sést að mun meiri sveiflur eru á milli ára í janúarhita en í hita í júlí. Einnig fylgjast sveiflur í janúar vel að alls staðar á landinu í janúar sem þær gera síður í júlí.


Til að skoða betur hvernig þessar sveiflur í hita fylgjast að á milli veðurstöðva hefur verið metin fylgni milli þessara mælinga fyrir alla mánuði ársins. Þá kemur í ljós að fylgnin er mikil milli allra stöðvanna í níu mánuði, haust, vetur og vor. Aftur á móti er hún minni á sumrin (júní, júlí og ágúst) og virðast þessar sveiflur þá vera óháðar á milli vissra veðurstöðva. Yfir sumarið má segja að landið skiptist alla vega í tvö veðurfarsvæði hvað þetta varðar, annars vegar Suður- og Vesturland og hins vegar Norður- og Austurland. Innan þessara svæða er fylgnin þó mun minni yfir sumarið en hina níu mánuðina. Á myndum 4 og 5 er sýnd fylgni við mælingar í Reykjavík og á Akureyri og eru súlurnar á myndunum í sömu röð og upptalningin á veðurstöðvunum. Yfir haust-, vetrar- og vormánuði ná báðar þessar veðurstöðvar í flestum tilvikum að skýra yfir 70% að breytileika hitamælinga annarra veðurstöðva. Í maí er fylgnin þó heldur lægri en í öðrum af þessum mánuðum.




Mynd 2 Frávik frá meðalhita í janúar á nýu veðurstöðvum.



Mynd 3 Frávik frá meðalhita í júlí á nýu veðurstöðvum.




Mynd 4 Reiknuð fylgni frávíka í hitamælingum við samsvarandi gildi í Reykjavík.



Mynd 5 Reiknuð fylgni frávíka í hitamælingum við samsvarandi gildi á Akureyri.


2.2 Vindur

Í viðauka 2 er sýndur meðalvindur mánaða tímabilið 1949 til 1989 fyrir áður nefndar veðurstöðvar. Nokkur árstíðasveifla er í vindi og er hann mestur á veturna en minnstur á sumrin eins og fram kemur á mynd 6. Árstíðasveiflan í vindi ætti að hafa sömu áhrif á raforkunotkunina og hitasveiflan eða að notkunin verði af þessum sökum meiri á veturna en sumrin. Meðalvindur er þó mun breytilegri milli veðurstöðva en samsvarandi gildi í hita eins og sést ef bornar eru saman myndir 1 og 6. Ein veðurstöð sker sig úr á mynd 6 hvað varðar vindstyrk en það er Stórhöfði í Vestmannaeyjum. Þrjár veðurstöðvar raða sér neðst á myndina en þær eru allar inn til landsins (Akureyri, Hallormsstaður og Kirkjubæjarklaustur) og er því eðlilegt að vindur sé minni þar en á stöðvum úti við sjóinn.




Mynd 6 Árssveifla vinds á átta veðurstöðvum. Meðalgildi tímabilið 1949-89.

Ekki hentar að nota meðalvind mánaða beint ef kanna á áhrif vinds á sveiflur í raforkunotkun milli ára fremur en það hentar að nota meðalhita í þessum tilgangi. Því hafa verið skoðaðar sveiflur í meðalvindi einstakra mánaða tímabilið 1951 til 1989 frá meðaltali alls tímabilsins. Á myndum 7 og 8 eru þessar sveiflur sýndar fyrir janúar og júlí og er hér um að ræða sömu veðurstöðvar og áður.




Mynd 7 Frávik frá meðalvindi í janúar á átta veðurstöðvum.



Mynd 8 Frávik frá meðalvindi í júlí á átta veðurstöðvum.

Fram kemur á myndunum að í janúar er vindur breytilegri á milli ára en í júlí eins og einnig var raunin varðandi hitann. Einnig sést að lítið samband er í frávikum í vindi á milli veðurstöðva. Til að athuga þetta samband betur var reiknuð fylgni frávika í vindmælingum milli þessara stöðva. Á mynd 9 er sýnd fylgni við vindmælingar í Reykjavík og má sjá að mælingar þar skýra um eða innan við 40% af breytileikanum á öðrum veðurstöðvum (súlurnar eru í sömu röð og upptalningin á veðurstöðvunum). Hér hjálpar heldur ekki til að mæligildi eru stundum ekki nógu áreiðanleg og getur t.d. verið ósamfella í þeim vegna þess að skipt hefur verið um mælitæki. Einnig getur flutningur á veðurstöðvum haft áhrif vegna þess hve staðbundinn vindurinn er. Ein eða fáeinar veðurstöðvar geta því ekki lýst vindi á landinu öllu. Erfitt er því að leiðrétta raforkunotkun vegna breytileika í vindi á milli ára og verður það því ekki reynt hér.




Mynd 9 Reiknuð fylgni frávika í vindmælingum við samsvarandi gildi í Reykjavík.

2.3 Sól

Einn þáttur í veðurmælingum eru mælingar á fjölda sólskinsstunda. Einungis voru fengnar mælingar á sólfari á þremur athugunarstöðvum, þ.e. Reykjavík, Akureyri og Hallormsstað og eru þær sýndar í viðauka 3. Í mælingarnar frá Akureyri og Hallormsstað vantaði nokkur mánaðargildi. Árstíðasveiflan í sólfari ætti að hafa sömu áhrif og sveiflan í hita og vindi, þ.e. að notkunin verði hlutfallslega meiri á veturna en á sumrin. Á mynd 10 er sýnd árstíðasveiflan í sólfari. Í tíu mánuði á ári eru flestar sólskinsstundir að meðaltali í Reykjavík af þessum veðurstöðvum en í júní skjótast báðar


hinar stöðvarnar upp fyrir Reykjavík og í júlí eru fleiri sólskinsstundir á Hallormsstað. Yfir háveturinn er svo lítið sólskin að það ætti ekki að hafa teljandi áhrif á hitunarþörfina.




Mynd 10 Árssveifla í sólskinsstundum á þremur veðurstöðvum. Meðalgildi tímabilið 1949-89 (nokkur gildi vantar þó í raðirnar).

Á sömu ástæðum og fram komu við tengingu hita og vinds við raforkunotkun hentar ekki að nota sólskinsstundirnar beint við að kanna áhrif á sveiflur í raforkunotkun. Heppilegra er að nota sveiflur í fjölda sólskinsstunda og eru slíkar sveiflur fyrir júlí sýndar á mynd 11. Fyrstu fjögur árin sem sýnd eru á myndinni eru ekki til mælingar fyrir Hallormsstað og eru gildin sett 0 þau ár á myndinni.

Reiknuð hefur verið út fylgni í sólskinsstundum milli þessara þriggja veðurstöðva og er hún sýnd á mynd 12. Fylgnin er lítil milli Reykjavíkur og hinna stöðvanna tveggja en aftur á móti er hún veruleg milli Hallormsstaðar og Akureyrar. Í desember er engin sól á Hallormsstað og því er ekki mark takandi á skýrðum breytileika (R^2) í þeim mánuði.



Mynd 11 Frávik í sólskinsstundum í júlí á þremur veðurstöðvum.



Mynd 12 Reiknuð fylgni frávíka í mælingum á sólskinsstundum (öftustu súlurnar sýna fylgnina fyrir árið alls).

3 ALMENN RAFORKUNOTKUN

Orkustofnun safnar saman upplýsingum um raforkuvinnslu og sölu frá rafveitunum. Þar eru til gögn um orkuvinnslu virkjana eftir mánuðum allt frá árinu 1951. Einnig liggja fyrir upplýsingar um raforkusölu til stóriðju þetta tímabil eftir mánuðum. Raforkuvinnslan og heildarnotkun stóriðjufyrirtækja er sýnt í viðauka 4. Út frá þessum gögnum er hægt að áætla hve mikil vinnslan hefur verið vegna almennrar raforkunotkunar. Þessi notkun er þá metin á eftirfarandi hátt:

$$ALM(i,j) = RF(i,j) - STN(i,j) * (1 + TOP) \quad (1)$$

þar sem

ALM:	Vinnsla raforku í virkjunum vegna almennrar notkunar.
RF:	Raforkuvinnsla í landinu.
STN:	Raforka seld stóriðjufyrirtækjum (Áburðarverksmiðjunni, ÍSAL og Járnblandiverksmiðjunni).
TOP:	Töpin í meginflutningskerfi raforku, hér miðað við 0,045.
i:	Ár.
j:	Mánuður.

Töpin eru í raun eitthvað breytileg á milli ára og mánaða en hér verður miðað við sömu töpin allt tímabilið sem skoðað er þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar sem gera það mögulegt að finna töpin langt aftur í tímann.

Þar sem raforkumarkaðurinn er stöðugt að breytast (yfirleitt vex hann á milli ára) er ekki hægt að bera saman raforkunotkun mánaða frá einu ári til annars til að kanna áhrif utanaðkomandi þátta svo sem veðurfars. Því þarf að finna stöðuga (stationary) breytu sem hægt er að varpa mánaðarnotkuninni yfir í. Ef bera á saman notkun milli mánaða veldur það einnig erfiðleikum að dagafjöldi mánaða er mismunandi. Af þessum sökum er mynduð eftirfarandi breyta:


$$HAD(i,j) = ALM(i,j) / RFA(i) / FD(i,j) \quad (2)$$

Þar sem

HAD:	Meðalraforkuvinnsla í landinu hvern dag mánaðar vegna almennrar notkunar í hlutfalli við ársvinnslu.
RFA:	Vinnsla virkjana yfir árið vegna almennrar notkunar.
FD:	Fjöldi daga í mánuði.

Þessi breyta er þó ekki fullkomlega óháð milli mánaða vegna áhrifa utanaðkomandi þátta svo sem lofthita. Ef t.d. lofthiti er í meðallagi í janúar eitt ár en aðrir mánuðir ársins eru kaldir þá fæst lægra gildi á þessari breytu heldur en fengist ef allir mánuðir ársins hefur verið eins og í meðalári. Við hefðum aftur á móti vilja fá sama gildið fyrir janúar þessi tvö ár. Í staðin fyrir RFA ætti því að nota leiðréttu raforkunotkun en þar

kemur upp vandamál þar sem hún er ekki þekkt fyrr en búið er að finna tengslin milli notkunarinnar og hitastigsins. Á mynd 13 er sýnd árssveifla í almennri raforkunotkun hér á landi. Um er að ræða meðaltal árunna 1951-89 og er það fundið með því að nota jöfnu (2) og hefur ársnotkunin þá ekkert verið leiðrétt.



Mynd 13 Árssveifla almennrar raforkunotkunar. Meðaltal tímabilsins 1951-89.

4 LÍKAN TIL AÐ META ÁHRIF VEÐURFARS Á RAFORKUNOTKUN

Þegar búið er að umreikna raforkunotkunina yfir í það form sem lýst er í kafla þrjú er hægt að bera hana saman við mælingar á veðurfari frá Veðurstofu Íslands. Eins og áður kom fram er ekki talið rétt að nota árssveiflu í raforkunotkun og veðri til að meta áhrif veðurfarsþátta á raforkunotkun. Tilgangur þess að meta þetta sambengi er sá að geta leiðrétt notkunina vegna sveiflna sem eru í veðurfari á milli ára. Af þeim sökum er einnig réttara að skoða áhrif lítilla sveiflna frá meðalhita hvers mánaðar á notkunina.

4.1 Lofthiti

Hér verður fyrst miðað við að raforkunotkun í hverjum mánuði sé línulega háð lofthita á einum stað á landinu. Þetta samband má þá tákna á eftirfarandi hátt:

$$ALM(i,j) = MALM(i,j) - d(i,j) * (T(i,j) - MT(j)) + W1(i,j) \quad (3)$$

þar sem

MALM:	Vinnsla raforku í virkjunum vegna almennrar notkunar eins og hún hefði orðið ef hitafar hefði verið eins og í meðalári.
T:	Meðalhiti mánaðar j árið i.
MT:	Meðalhiti mánaðar j yfir árabilið sem lagt er til grundvallar.
W1:	Afgangслиður.
d:	Stuðull, MWh/°C.

Vegna þess að dagafjöldi er mismunandi á milli mánaða er stuðullinn d háður mánuðum. Stuðullinn er breytilegur milli ára m.a. vegna þess að markaðurinn er að breytast (í flestum tilvikum að vaxa). Því er deilt í gegnum jöfnu (3) með ársnotkuninni og dagafjöldanum:

$$\begin{aligned} \frac{ALM(i,j) - MALM(i,j)}{LRFA(i) * FD(i,j)} &= \frac{- d(i,j)}{LRFA(i) * FD(i,j)} * (T(i,j) - MT(j)) + W2(i,j) \\ &= - a(i,j) * (T(i,j) - MT(j)) + W2(i,j) \end{aligned} \quad (4)$$

þar sem

LRFA:	Leiðrétt vinnsla virkjana yfir árið vegna almennrar notkunar út frá lofthita.
-------	---

Ef eðli raforkunotkunarinnar er ekki að breytast og samband lofthita á mismunandi stöðum á landinu er óbreytt á milli mánaða ætti stuðullinn a að vera sá sami fyrir þá mánuði. Ef eðli raforkunotkunarinnar breytist ekki milli ára ætti stuðullinn einnig að vera óbreyttur milli ára en það breytist þó smám saman þannig að ekki er við því að

búast að þessi stuðull sé óbreyttur yfir langt árabil.

Þar sem leiðréttta notkunin, LRFA, liggur ekki fyrir fyrr en stuðullinn a hefur verið fundinn þarf að ítra nokkrum sinnum til að finna stuðulinn. Í fyrstu ítrun er óleiðrétt notkun, RFA, sett sem nálgun fyrir leiðréttu notkunina. Stuðullinn sem þá fæst er síðan notaður til að leiðréttta notkunina og þau gildi sem þannig fást notuð til finna nýtt gildi á a. Á þennan hátt er haldið áfram uns stuðullinn breytist óverulega milli ítrana.

Ef ekki nægir að vera með eina veðurstöð er hægt að nota fleiri stöðvar en þá yrðu þær mælingar að vera óháðar. Einn a stuðull fæst þá fyrir hverja veðurstöð:

$$\frac{ALM(i,j) - MALM(i,j)}{LRFA(i) * FD(i,j)} = \frac{N}{- \sum_{k=1}^N a_k(i,j) * (T_k(i,j) - MT_k(j)) + W3(i,j)} \quad (5)$$

4.2 Aðrir veðurfarsþættir

Aðra veðurfarsþætti er hægt að meðhöndla á sama hátt og lofthitann. Ef gert er ráð fyrir að raforkunotkunin breytist línulega með vindi og sólskinsstundum fæst eftirfarandi jafna:

$$\frac{ALM(i,j) - MALM(i,j)}{LRFA(i) * FD(i,j)} = \frac{N1}{- \sum_{k=1}^N a_k(i,j) * (T_k(i,j) - MT_k(j))} + \frac{N2}{+ \sum_{l=1}^N b_l(i,j) * (V_l(i,j) - MV_l(j))} - \frac{N3}{- \sum_{m=1}^N c_m(i,j) * (S_m(i,j) - MS_m(j))} + W4(i,j) \quad (6)$$

þar sem

- V: Meðalvindur mánaðar j árið i.
- MV: Meðalvindur mánaðar j yfir árabilið sem lagt er til grundvallar.
- S: Meðalfjöldi sólskinsstunda mánaðar j árið i.
- MS: Meðalfjöldi sólskinsstunda mánaðar j yfir árabilið sem lagt er til grundvallar.
- W4: Afgangslíður.
- a,b,c: Stuðular.

Veðurfarsmælingarnar þurfa allar að vera óháðar.

5 SAMANBURÐUR Á FRÁVIKUM Í VEÐURFARI OG RAFORKUNOTKUN

Hér er notuð fylgnigreining til að meta stuðlana í jöfnu (6) og til að sjá hve vel sveiflur í veðurfari skýra sveiflur í almennri raforkunotkun. Fyrst er notkunin einungis tengd við mælingar á lofthita en síðan bætast sólskinsstundir við. Ekki er reynt að tengja vindmælingar við raforkunotkunina þar sem vindur er ákaflega staðbundinn og því geta mælingar á fáeinum veðurstöðvum ekki gefið fullnægjandi mynd af vindi almennt á landinu.


5.1 Lofthiti

Í kafla 2 kom fram að nú mánuði ársins er gott samband frávíka í hita á landinu öllu en yfir sumarmánuðina má segja að landið skiptist í tvo hluta hvað þetta varðar. Hér eru fyrst könnuð tengsl einnar veðurstöðvar og þá litið á hvern mánuð fyrir sig og notuð tíu ára tímabil. Ókostur þess að líta sérstaklega á hvern mánuð er sá að þá verður að taka mörg ár saman til að fá nægjanlegan fjölda gilda til að fylgnireikningar séu marktækir. Hætt er við að eðli raforkunotkunar hafi tekið umtalsverðum breytingum á það löngu tímabili. Því er æskilegt að miða við að stuðullinn sé sá sami fyrir nokkra mánuði og því er einnig litið á það tilvik að hitastigsleiðréttinginn sé sú sama flesta mánuði ársins.


5.1.1 Tenging einstakra mánaða fyrir tíu ára tímabil og eina veðurstöð

Á mynd 14 eru sýndar sveiflur í hita janúarmánaðar í Reykjavík og í almennri raforkunotkun. Til að finna hlutfallslega notkun er miðað við óleiðrétt ársnotkun og því er hún ekki óháð milli mánaða. Ef leiðrétt ársnotkun lægi fyrir og væri notuð má gera ráð fyrir að sveiflurnar mundu fylgjast eitthvað betur að en þó er ekki við því að búast að um verulegan mun yrði að ræða. Það er þó greinilegt á myndinni að sveiflur í raforkunotkun í janúar fylgja sveiflum í hitastigi nokkuð vel.

Eins og áður hefur komið fram eru sveiflur á milli ára í hita mun minni sumarmánuðina heldur en vetrarmánuðina. Þetta kemur einnig fram í almennu raforkunotkuninni eins og sést á mynd 15 þar sem sýndar eru sveiflur í hita og raforkunotkun í júlí.



Mynd 14 Samanburður á frávikum í hita í Reykjavík og raforkunotkun á landinu í janúarmánuði tímabilið 1951 til 1989.




Mynd 15 Samanburður á frávikum í hita í Reykjavík og raforkunotkun á landinu í júlímánuði tímabilið 1951 til 1989.

Til að finna samband stærðanna á myndum 14 og 15 hefur verið reiknuð fylgni milli þeirra fyrir fjögur tímabil, þ.e. árin 1951 til 1959, 1960 til 1969, 1970 til 1979 og 1980 til 1989. Fyrir hvern mánuð eru því notuð tíu gildi nema fyrsta tímabilið þar sem um er að ræða nýu gildi. Á mynd 16 er sýndur skýrður breytileiki fyrir þessi fjögur tímabil og alla mánuði ársins. Þar kemur fram að hann er mjög breytilegur bæði á milli mánaða og tímabila. Að jafnaði tekst að skýra mest af breytileikanum fyrstu mánuði ársins eða frá janúar fram í maí. Þó sker febrúarmánuður sig aðeins úr með nokkuð lægra gildi að jafnaði en hinir mánuðirnir. Sumarmánuðina og fram í september er skýrði breytileikinn lægstur eins og við var að búast vegna eiginleika hita á landinu þá mánuði. Breytileiki síðustu mánaða ársins er þarna á milli. Ekki liggja fyrir neinar vísbendingar um það hvers vegna lægri gildi fást á síðustu mánuðum ársins en þeim fyrstu. E.t.v. er meiri breytileiki í atvinnustarfsemi á milli ára þessa mánuði.


Ef tímabilin eru borin saman sést að á síðasta tímabilinu gengur best að skýra breytileikann í raforkunotkuninni út frá sveiflum í hita. Þetta getur stafað af því að breytingar hafa verið minni á almennu notkuninni þetta tímabil en hin. T.d. er meðalaukning notkunar á ári minni og litlar breytingar hafa orðið á rafhitun. Einnig hefur raforkukerfið lítið breyst þetta tímabil á meðan stórfelldar breytingar áttu sér stað á kerfinu næstu áratugi á undan.

Á mynd 17 er sýndur hitastigsstuðullinn sem fæst út úr þessum reikningum. Hann er sýndur í % af notkun á dag. Til að fá stuðulinn yfir á ársgrunn þarf að margfalda hann með 365 dögum í árinu.

Á mynd 17 sést að stuðullinn breytist mest á milli tímabila yfir sumarmánuðina sem er eðlilegt þar sem fylgnin milli þessara mælinga er lökust þá. Annars er stuðullinn yfirleitt á bilinu $0,002 \text{ \%}/(^{\circ}\text{C}\cdot\text{dag})$ upp í $0,006 \text{ \%}/(^{\circ}\text{C}\cdot\text{dag})$ sem jafngildir $0,7 \text{ \%}/(^{\circ}\text{C}\cdot\text{ár})$ og $2,2 \text{ \%}/(^{\circ}\text{C}\cdot\text{ár})$. Stuðullinn er að meðaltali hæstur síðasta tímabilið eða um $0,005 \text{ \%}/(^{\circ}\text{C}\cdot\text{dag})$.



Mynd 16 Reiknuð fylgni frávíka í hita í Reykjavík og raforkunotkunar á landinu eftir mánuðum.



Mynd 17 Reiknaður stuðull milli frávíka í hita í Reykjavík og raforkunotkunar á landinu eftir mánuðum.


5.1.2 Tenging þriggja ára tímabila fyrir eina veðurstöð

Eins og fram kemur hér að framan er mikil fylgni í hita á mismunandi stöðum á landinu í nýu mánuði á ári og tengsl raforkunotkunar og hita virðast svipuð þessa mánuði. Því er eðlilegt að miða við að hitastigsáhrifin séu þau sömu þessa mánuði. Ef það er gert er hægt að líta á styttra árabíl til að meta hitastigsáhrifin þar sem notuð eru nýu gildi á hverju ári í stað eins. Á mynd 18 er sýnd fylgni milli hita og raforkunotkunar fyrir þriggja ára tímabil. Ahyglisvert er að fram koma nokkur tímabil þar sem fylgnin er lítil svo sem 1984-86, 1969-71, 1966-68 og 1960-62. Fylgnin er svipuð við hita í Reykjavík og á Akureyri, þó oftar heldur lægri við hita á Akureyri. Þar sem fylgnin við hita er lítil á báðum þessum veðurstöðvum þau tímabil, sem áður voru nefnd, virðist lítið að græða á því að tengja raforkunotkunina bæði við hita í Reykjavík og á Akureyri.


Erfitt er að segja til um ástæður þess hve fylgnin er lítil fyrrnefnd fjögur tímabil. Árið 1984 var veðurfar óvenjulegt á landinu, hlutfallslega mun hlýrra á Austur- og Norðurlandi en á Suður- og Vesturlandi. Þetta virðist þó ekki geta skýrt að fullu lága fylgni á milli hita og raforkunotkunar þar sem skýrður breytileiki er einungis um 20% hvort sem notaður er hiti í Reykjavík eða á Akureyri. Ef notað er styttra tímabil, svo sem eitt ár, má fá hærri skýrðan breytileika. Slíkt er eðlilegt þar sem auðveldara er að nálga þetta samband með mörgum brotnum línunum en einni beinni þannig að eitt ár er helst til stutt tímabil til þessara nota. Ekki er við því að búast að eðli raforkunotkunar breytist mikið á nokkra ára tímabili þannig að samhengi raforkunotkunar og hita ætti að haldast nokkuð óbreytt. Vera má að hitafar á landinu geti breyst nokkuð á milli ára þannig að ekki sé nóg að nota eina veðurstöð og jafnvel heldur ekki tvær.

Hugsanlegt er að tímabilið 1969 til 1971 hafi raforkusala til álversins í Straumsvík einhver áhrif, en hún hófst árið 1969. Það byggist á því að almenna notkunin er fundin með því að draga sölu til stóriðju, að viðbættum tölum við flutning á þeirri orku, frá raforkuvinnslunni eins og fram kemur í jöfnu 1).

Á mynd 19 er sýndur hitastigsstuðull sem fékkst út frá fyrrnefndum fylgnireikningum. Nokkur sveifla er í stuðlinum en þó virðist hún ekki vera neitt óeðlilega mikil síðustu tvo áratugi ef sleppt er þeim tímabilum sem fylgnin er lítil.



Mynd 18 Fylgni sveiflna í raforkunotkun á landinu og hita aðra mánuði en sumarmánuðina.



Mynd 19 Stuðull milli frávika í raforkunotkun á landinu og hita.

5.1.3 Tenging þriggja ára tímabila við tvær veðurstöðvar

Til að kanna hvort fá megi betri fylgni milli sveiflna í raforkunotkun og lofthita var reynt að nota tvær veðurstöðvar þ.e. Reykjavík og Akureyri. Þar sem frávik frá meðalhita eru háð á milli þessara veðurstöðva hentar ekki að nota gildi frá þeim báðum óbreytt við fylgnireikninga. Því er fundið samband á milli frávíka á veðurstöðvunum tveimur, þ.e.

$$DTAK(i,j) = TAK(i,j) - STUÐULL(j) * TRVK(i,j) \quad (7)$$

þar sem

DTAK: Óháður þáttur frávíka í hitastigi á Akureyri
TAK: Frávik hitastigs á Akureyri
STUÐULL: Stuðull milli hitastigsmælinga fenginn út frá fylgnireikningum
TRVK: Frávik hitastigs í Reykjavík


Síðan er fjarlægður sá þáttur úr mælingunum á Akureyri sem er háður mælingum í Reykjavík. Þar sem í ljós kom, eins og áður er getið, að sveiflur í lofthita í Reykjavík og á Akureyri eru nánast óháðar á sumrin var stuðullinn í jöfnu (7) settur 0 þessa mánuði. Annars voru notaðir þeir stuðlar sem sýndir eru í töflu 1.

Tafla 1 Stuðlar milli frávíka í lofthita í Reykjavík og á Akureyri.

Mánuður	STUÐULL
Janúar	1,03
Febrúar	1,17
Mars	1,21
Apríl	1,26
Maí	1,18
Júní	0,0
Júlí	0,0
Ágúst	0,0
September	1,11
Október	1,08
Nóvember	1,12
Desember	1,08

Á mynd 20 er sýnd fylgni sveiflna í raforkunotkun við þessar hitamælingar (TRVK og DTAK) og má sjá að hún er svipuð og þegar notuð er ein veðurstöð. Oftast er fylgnin aðeins hærrí eins og eðlilegt er. Við þessa reikninga eru notaðir allir mánuðir ársins og

er fylgnin því aðeins lægri heldur en ef sleppt er sumarmánuðunum þremur. Þau tímabil sem fylgnin er lág breytir það litlu hvort tekið er mið af einni eða tveimur veðurstöðvum.




Mynd 20 Fylgni sveiflna í raforkunotkun á landinu og hita í Reykjavík og á Akureyri.

5.2 Lofthiti og sólskin

Þar sem lítil fylgni er í frávikum í fjölda sólskinsstunda milli Reykjavíkur og þeirra veðurstöðva norðan- og austanlands sem litið var á hér að framan er nauðsynlegt að nota að minnsta kosti tvær mælistöðvar. Valið er að nota mælingar á Hallormsstað fremur en á Akureyri þar sem færri eyður eru í mælingunum þar á síðustu árum. Árunum fyrir 1954 er sleppt þar sem mikið vantar inn í þau gögn á Hallormsstað. Bætt er í aðrar eyður þar með því að áætla frávik í sólskinsstundum út frá mælingum á Akureyri, en þarna er um að ræða fjórar eyður.

Á mynd 21 er sýnd fylgni milli raforkunotkunar og þessara veðurfarsmælinga og eru þá bæði notaðar sólskinsstundir á fyrrnefndum tveimur veðurstöðvum og lofthiti í Reykjavík. Lítil fylgni er á milli þessara veðurfarsgilda og hentar því að nota þau saman á þennan hátt. Til samanburðar er einnig sýnd fylgnin ef einungis er notaður lofthiti í Reykjavík. Við þessa reikninga eru notuð gildi fyrir alla mánuði ársins. Fylgnin vex aðeins við það að bæta sólskinsstundunum við og eru áhrifin meiri þau tímabil sem fylgnin var fremur lítil fyrir.



Mynd 21 Fylgni milli frávika í raforkunotkun og frávika í hita og sól í Reykjavík og sól á Hallormsstað.

6 RAFORKUNOTKUN ÁRANNA 1951 TIL 1989 UMREIKNUÐ YFIR Á ÁR ÞAR SEM LOFHITI ER Í MEÐALLAGI

Hér að framan hafa verið skoðaðar ýmsar leiðir til að leiðrétta raforkunotkun út frá veðurfari. Bæði hefur verið reynt að leiðrétta notkun hvers mánaðar fyrir sig og að miða við sömu leiðréttingu alla tólf mánuði ársins. Einnig hefur verið reynd sú leið að nota sömu leiðréttingu í níu mánuði en sleppt að leiðrétta notkunina yfir sumarið. Sú leið er einungis reynd þegar notaður er lofthiti á einni veðurstöð til að leiðrétta notkunina. Reiknuð hefur verið fylgni frávika bæði í lofthita og raforkunotkun og í sólskinsstundum og raforkunotkun. Ekki var talið mögulegt að tengja mælingar á vindi við raforkunotkun vegna þess hve hann er staðbundinn. Ýmist hafa verið notuð mæligildi frá einni eða tveimur veðurstöðvum við að tengja lofthita og raforkunotkun og hefur komið í ljós að fylgnin eykist lítið þegar notaðar eru tvær veðurathugunarstöðvar í stað einnar. Einnig eykst fylgnin lítið þegar bætt er við mælingum á sólskinsstundum.

Það er sama hvaða leið er notuð til að meta fylgnina ætíð eru viss tímabil þar sem fylgnin er mjög lítil. Ýmsar ástæður geta verið fyrir þessu svo sem:

- 1) Að tengsl í lofthita milli veðurstöðva séu breytileg á milli ára. Þar sem fylgnin eykst lítið við að taka inn tvær veðurstöðvar í stað einnar bendir það til þess að ólíklegt sé að skýringarinnar sé eingöngu að leita hér.
- 2) Að vindur hafi veruleg áhrif á sveiflur í raforkunotkun. Ólíklegt er að hann hafi umtalsverð áhrif vegna þess hve lítil fylgni er milli frávika í vindmælingum.
- 3) Snöggar breytingar í raforkunotkun vegna tilkomu nýrra notenda eða vegna sveiflna í atvinnustarfsemi. Þarna geta komið inn atriði eins og verkföll og aflabrestur.
- 4) Tilkoma stóriðju. Almenna raforkunotkunin, sem hér er notuð, fæst með því að draga stóriðjunotkun að viðbættum tölum frá raforkuframleiðslu í landinu. Breytingar í stóriðju geta því haft áhrif hér. Árið 1969 hóf álverid í Straumsvík framleiðslu og gæti það m.a. valdið lélegri fylgni tímabilið 1969 til '71.
- 5) Breytilegur fjöldi vinnudaga í mánuðum milli ára. Atvinnustarfsemi er háð fjölda vinnudaga í mánuði en hann er aðallega breytilegur í mars/apríl vegna páskaanna svo og í desember.

Þau tímabil sem fylgnin er mjög lítil eru tengsl raforkunotkunar og veðurfars áætluð út frá tengslum tímabilin á undan og eftir þar sem betri fylgni fæst.

Út frá því sem fram er komið hér að framan er lagt til að við leiðréttingu raforkunotkunar út frá veðurfari verði einungis notaður lofthiti í Reykjavík og að sömu

stuðlarnir verði notaðir alla tólf mánuði ársins. Þeir stuðlar sem hér er lagt til að notaðir verði eru sýndir í töflu 2. Þessir stuðlar eru mjög svipaðir þeim sem fram koma í skýrslu Jóns Vilhjálmssonar frá 1984 (skýrsla OS-84038/OBD-02B). Hafa verður í huga þegar þessir stuðlar eru notaðir að þeir miða við heildarnotkun ársins og má því ekki nota þá fyrir einstaka mánaði. Þegar stuðlarnir eru notaðir á þann hátt verður að umreikna þá fyrir hvern mánuð út frá árssveiflu notkunar og eru slíkir stuðlar fyrir tímabilið 1987-89 sýndir í töflu 3.

Tafla 2 Stuðlar til að leiðrétta raforkunotkun út frá lofthita í Reykjavík. Stuðlar eiga við ársnotkun.

Tímabil	Stuðull	
	%/°C*dag	%/°C*ár
1951-53	-0,0065	-2,4
1954-56	-0,0040	-1,5
1957-59	-0,0034	-1,2
1960-62	-0,0031	-1,1
1963-65	-0,0040	-1,5
1966-68	-0,0040	-1,5
1969-71	-0,0040	-1,5
1972-74	-0,0040	-1,5
1975-77	-0,0040	-1,5
1978-80	-0,0063	-2,3
1981-83	-0,0055	-2,0
1984-86	-0,0050	-1,8
1987-89	-0,0048	-1,8

Á mynd 22 er sýnd aukning almennrar raforkunotkunar og á mynd 23 er aukningin sýnd eftir að notkunin hefur verið leiðrétta með fyrrnefndum stuðlum. Þar sést að aukningin verður reglulegri þegar búið er að leiðrétta notkunina. Notkunin vex mikið árið 1982 sem stafar m.a. af því að þá fóru kyntar hitaveitur hjá Orkubúi Vestfjarða og hjá Rafmagnsveitum ríkisins á Seyðisfirði og Höfn í fullan rekstur. Einnig hafði verið orkuskortur í raforkukerfinu árin 1980 og 1981 sem eflaust hefur eitthvað haldið í við aukninguna þau ár og því orðið meiri aukning 1982 en ella. Á seinni hluta 7. áratugarins voru erfiðleikar í efnahagslífi landsins og koma þeir greinilega fram í raforkunotkuninni. Á seinni hluta áttunda áratugarsins minnkaði vöxtur raforkunotkunar og hefur hann sveiflast í kringum 4% síðasta áratug. Þegar litið er á þessar tvær myndir sést að þegar notkunin hefur verið leiðrétta kemur strax fram á seinni hluta 8. áratugarsins að breytingar eru að verða á aukningu raforkunotkunar, en ef litið er á óleiðrétta tölurnar er slíkt ekki greinilegt fyrr en um fimm árum seinna. Uppsveiflan


sem var í efnahagsmálum hér á landi 1986 og 1987 kemur greinilega fram á leiðréttu notkuninni og virðist hún koma heldur seinna fram í raforkunotkuninni. Þrátt fyrir mikinn vöxt landsframleiðslu þau ár verður aukning raforkunotkunar ekki nærri því eins mikil og hún hefur mest orðið á síðustu áratugum.

Tafla 3 **Stuðlar til að leiðrétta raforkunotkun einstakra mánuða tímabilið 1987-89 út frá lofthita í Reykjavík. Stuðlar eiga við heildarnotkun hvers mánaðar.**


Mánuður	Stuðull %/°C*mánuð
Janúar	-1,5
Febrúar	-1,5
Mars	-1,6
Apríl	-1,7
Mái	-2,0
Júní	-2,2
Júlí	-2,3
Ágúst	-2,2
September	-1,9
Október	-1,7
Nóvember	-1,6
Desember	-1,5

Ef litið er á rafhitun síðustu ára þá nam hún um 29 % af almennu raforkunotkuninni tímabilið 1987-89. Meðallofhiti í Reykjavík þessi þrjú ár er um 4,5 °C og ef miðað er við að raforkan sé notuð til að hita hús upp í 20 °C er hitunin að meðaltali 15,5 °C. Ef hitunin er línulega háð hitastiginu breytist hún um -6,4 % á hverja gráðu sem jafngildir því að heildarnotkunin breytist um $-6,4 \cdot 0,29$ eða -1,9 %/°C. Þetta samsvarar -0,0052 %/°C*dag sem er nánast sama niðurstaðan og fékkst hér að framan.

Í viðauka 4 er að finna töflur yfir raforkunotkun hér á landi síðustu áratugi.



Mynd 22 Aukning almennrar raforkunotkunar.



Mynd 23 Aukning almennrar raforkunotkunar eftir að hún hefur verið leiðrétt út frá sveiflum í lofthita í Reykjavík.

VIÐAUKI 1

Meðalhitastig mánaða á nokkrum veðurstöðvum

TÖFLUSKRÁ

V1.1	Meðalhiti í Reykjavík eftir mánuðum 1949-89	37
V1.2	Frávik meðalhita einstakra mánaða í Reykjavík frá meðaltali tímabilsins 1949-89	38
V1.3	Meðalhiti í Stykkishólmi eftir mánuðum 1949-89	39
V1.4	Frávik meðalhita einstakra mánaða í Stykkishólmi frá meðaltali tímabilsins 1949-89	40
V1.5	Meðalhiti á Akureyri eftir mánuðum 1949-89	41
V1.6	Frávik meðalhita einstakra mánaða á Akureyri frá meðaltali tímabilsins 1949-89	42
V1.7	Meðalhiti á Raufarhöfn eftir mánuðum 1949-89	43
V1.8	Frávik meðalhita einstakra mánaða á Raufarhöfn frá meðaltali tímabilsins 1949-89	44
V1.9	Meðalhiti á Hallormsstað eftir mánuðum 1949-89	45
V1.10	Frávik meðalhita einstakra mánaða á Hallormsstað frá meðaltali tímabilsins 1949-89	46
V1.11	Meðalhiti á Dalatanga eftir mánuðum 1949-89	47
V1.12	Frávik meðalhita einstakra mánaða á Dalatanga frá meðaltali tímabilsins 1949-89	48
V1.13	Meðalhiti á Kirkjubæjarklaustri eftir mánuðum 1949-89	49
V1.14	Frávik meðalhita einstakra mánaða á Kirkjubæjarklaustri frá meðaltali tímabilsins 1949-89	50
V1.15	Meðalhiti á Stórhöfða, Vestmannaeyjum, eftir mánuðum 1949-89	51
V1.16	Frávik meðalhita einstakra mánaða á Stórhöfða, Vestmannaeyjum, frá meðaltali tímabilsins 1949-89	52

Í töflunum hér að aftan eru sýnd tvö meðaltöl fyrir hvert ár. Fyrra meðaltalið er fundið út frá dagafjölda í mánuði en það seinna með að veða alla mánuði jafnt. Í skránni Veðurstofu Íslands er seinna meðaltalið notað.

Tafla V1.1 Meðalhiti í Reykjavík eftir mánuðum 1949-89.

Ár	Jan.	Feb.	Mars	Apríl	Maj	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Meðal.	Ár	
1949	-2,71	0,03	0,11	-0,04	3,63	9,82	10,48	10,11	8,99	4,48	2,46	-1,31	3,85	3,84	1949
1950	2,77	-0,63	1,29	2,19	7,11	9,34	12,37	12,14	7,24	4,52	0,68	-1,37	4,85	4,80	1950
1951	-1,47	-0,87	-3,00	-0,01	6,88	9,80	10,63	11,41	9,70	5,72	0,82	-0,79	4,10	4,07	1951
1952	-2,87	-0,29	0,99	3,39	6,25	8,37	10,08	10,10	7,66	5,69	2,65	1,34	4,46	4,45	1952
1953	0,57	1,84	2,67	0,13	6,81	10,16	11,88	11,49	9,68	4,23	1,96	2,53	5,36	5,33	1953
1954	2,03	0,06	1,58	4,43	7,53	10,17	10,54	11,00	6,09	3,65	2,71	-0,78	4,95	4,92	1954
1955	-1,96	-2,75	1,36	5,56	5,67	9,89	10,54	10,05	8,06	3,90	4,29	-2,07	4,41	4,38	1955
1956	-3,25	2,71	3,62	3,61	6,59	8,42	10,68	9,88	9,14	4,73	4,98	2,12	5,27	5,27	1956
1957	1,05	-1,47	0,42	5,04	7,02	9,85	11,96	11,30	7,05	4,65	3,04	-0,41	5,00	4,96	1957
1958	-2,23	-1,98	0,43	4,38	4,66	10,19	12,03	10,21	11,36	6,20	4,77	0,25	5,05	5,02	1958
1959	-3,81	2,33	3,45	2,37	7,58	8,78	11,58	10,38	8,79	7,67	1,27	-0,03	5,05	5,03	1959
1960	1,71	-1,44	3,21	4,56	8,73	10,03	12,16	11,22	9,13	5,05	2,95	0,19	5,65	5,63	1960
1961	1,56	0,73	0,79	2,35	8,16	9,08	10,83	10,39	9,35	5,58	1,85	-1,35	4,97	4,94	1961
1962	0,57	0,25	-1,73	4,13	6,73	9,19	10,95	10,65	7,89	5,24	0,99	0,77	4,66	4,64	1962
1963	-0,24	1,99	4,68	4,09	5,14	9,97	10,13	10,03	6,18	5,51	-1,04	2,17	4,91	4,88	1963
1964	3,62	3,64	5,76	4,43	7,89	9,52	10,29	9,82	6,90	5,43	3,14	-1,62	5,74	5,74	1964
1965	-0,49	4,13	-0,10	3,49	7,95	9,37	11,13	10,44	7,29	7,14	0,60	-1,32	4,97	4,97	1965
1966	-1,22	-1,17	-0,10	3,42	6,03	10,20	11,13	11,20	8,66	3,53	0,62	-1,60	4,25	4,23	1966
1967	1,60	1,80	-2,64	1,95	5,71	8,87	10,65	10,37	8,35	2,99	0,56	-0,67	4,14	4,13	1967
1968	-1,30	-1,11	-0,86	2,74	5,51	9,31	11,73	10,43	9,66	3,24	4,76	0,45	4,55	4,55	1968
1969	-1,74	-2,92	0,62	2,49	6,82	10,02	10,09	11,47	6,11	5,29	-1,23	0,37	4,00	3,95	1969
1970	0,70	-2,05	-1,58	2,74	6,56	8,92	9,52	10,34	7,71	3,85	0,09	1,96	4,10	4,06	1970
1971	-3,08	0,66	1,43	3,83	6,84	9,55	11,15	10,27	8,17	4,13	0,81	0,57	4,55	4,53	1971
1972	3,06	2,54	2,22	3,54	8,12	9,10	10,14	9,54	8,15	4,78	0,44	1,37	5,26	5,25	1972
1973	3,06	-1,68	1,47	3,01	4,97	8,09	10,25	10,30	8,78	4,76	-1,30	-3,58	4,05	4,01	1973
1974	0,92	-0,30	3,74	6,26	8,01	9,15	11,22	10,02	5,79	4,65	2,33	-2,28	4,99	4,96	1974
1975	-2,82	2,87	0,50	2,30	5,84	7,85	9,53	10,21	5,61	6,58	1,92	-0,46	4,17	4,16	1975
1976	-2,40	0,33	1,09	2,88	6,03	9,37	11,36	9,42	8,38	5,79	2,89	-1,40	4,49	4,48	1976
1977	-1,87	0,19	3,14	1,81	6,81	8,27	11,05	10,55	7,32	5,03	-0,73	1,39	4,45	4,41	1977
1978	-1,97	-0,78	1,31	4,08	5,90	7,82	11,02	11,11	7,82	4,38	0,36	1,28	4,40	4,36	1978
1979	-4,06	0,09	-4,01	1,99	2,31	8,02	9,55	10,05	5,47	4,70	0,47	-0,39	2,86	2,85	1979
1980	-0,15	1,36	0,60	3,50	6,72	9,29	10,79	10,72	8,13	1,70	0,75	-1,30	4,35	4,34	1980
1981	-2,12	-1,10	-0,90	3,80	6,63	8,74	10,53	10,24	7,43	0,52	-0,44	-2,21	3,45	3,43	1981
1982	-1,49	1,90	0,23	3,20	5,45	9,86	10,69	9,41	5,55	4,65	-0,57	-1,57	3,95	3,94	1982
1983	-2,19	1,24	-0,46	-0,08	6,17	8,02	8,46	8,24	6,59	3,79	1,41	-0,23	3,42	3,41	1983
1984	-3,97	-0,30	1,16	2,92	5,63	9,25	11,19	9,91	7,39	3,53	1,15	0,37	4,03	4,02	1984
1985	0,07	0,98	-0,35	3,60	6,84	9,28	9,85	10,62	6,74	6,46	0,31	-1,25	4,45	4,43	1985
1986	-0,51	2,01	0,39	3,56	5,62	8,35	10,51	9,96	7,37	2,41	0,64	-0,78	4,14	4,13	1986
1987	3,14	1,60	0,37	2,54	6,35	9,92	11,10	10,94	8,03	2,18	4,22	4,22	5,38	5,38	1987
1988	-3,02	-1,35	-0,11	0,58	7,49	8,23	11,06	10,70	6,93	4,54	3,52	0,79	4,14	4,11	1988
1989	0,04	-3,03	-1,01	1,47	4,82	8,72	9,57	10,03	7,02	5,19	2,17	0,44	3,83	3,79	1989
Meðal	-0,65	0,25	0,78	2,98	6,38	9,17	10,74	10,41	7,75	4,59	1,54	-0,15	4,50	4,48	

Tafla V1.3 Meðalhiti í Stykkishólmi eftir mánuðum 1949-89.

